



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Hafnarfjarðarbær  
Umhverfis- og skipulagsþjónusta  
Norðurhella 2, 221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 5. febrúar 2018  
Tilvísun: 4408 / 201801-0104

Suðurgötu 39  
101 Reykjavík

Aðalgötu 23  
550 Sauðárkróki

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

## Brattakinn 5

Í tölvupósti 25. janúar 2018 óskar Gunnþóra Guðmundsdóttir fyrir hönd umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar eftir álit Minjastofnunar Íslands á breytingum á húsinu Bröttukinn 5 í Hafnarfirði. Sótt er um að lækka gólf í kjallara hússins, setja á það lárétta timburklæðningu í stað bárujárns og reisa viðbyggingu við húsið til norðausturs.

Húsið var upphaflega reist við Reykjavíkurveg 22 árið 1908 og var þá nefnt „Sjónarhóll“. Um 1950 var það svo flutt á núverandi lóð við Bröttukinn. Húsið nýttur friðunar vegna aldurs skv. 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í því felst að óheimilt er að raska húsinu, spilla því eða breyta, rífa eða flytja úr stað, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands sbr. 2. mgr. 29. gr..

*Minjastofnun Íslands heimilar hér með dýpkun kjallara hússins og að reist verði viðbygging norðaustan við það. Núverandi gluggar á húsinu sæma því illa og vel færi á að setja í þeirra stað glugga sem betur hæfa gerð þess og aldri. Því er lagt til að þegar verði settir gluggar á nýja viðbyggingu sem hæfa aldri og gerð hússins, í stað þess að þeir taki mið af núverandi gluggum á húsinu. Minjastofnun samþykkir ekki að sett verði lárétt timburklæðning á húsið í stað bárujárnsklæðningar.*

*Við framkvæmdir í eldri hverfum ber að huga sérstaklega að fornleifum í jörðu við allt jarðrask. Komi í ljós fornminjar undir yfirborði jarðar í tengslum við framkvæmdir skal stöðva verkið og skýra Minjastofnun frá fundinum svo fljótt sem unnt er, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

  
Guðný Gerður Gunnarsdóttir  
sviðsstjóri umhverfis- og skipulags

  
María Gísladóttir  
arkitekt, verkefnastjóri

Afrit í tölvupósti :  
Hafnarfjarðarbær ([hafnarfjordur@hafnarfjordur.is](mailto:hafnarfjordur@hafnarfjordur.is))

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarmínjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33., 34. og 35. eru kærarlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin. Skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.